



Brunavarnir Árnæssýslu

Árvegi 1
800 Selfoss
4-800-900
894-1845
ba@babubabu.is

Selfossi 20. febrúar 2013
/KEi//kei/jgv

Fundargerð fagráðs

1. fundur fagráðs *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn miðvikudaginn 20. febrúar 2013 kl. 10.30 að Árvegi 1, Selfossi

Mættir: Ari Thorarensen, formaður, Ólafur Örn Ólafsson, Jón G. Valgeirsson, Kristján Einarsson slökkvistjóri, Pétur Pétursson varaslökkvistjóri.

Formaður setur fund og bauð fundarmenn velkomna til fyrsta fundar fagráðs. o

1. Farið yfir „Samþykktir“ BÁ

Samkvæmt samþykktum Héraðsnefndar Árnésinga frá því í desember 2012 kemur fram að; „*Framkvæmdastjórn gerir erindisbréf fyrir fagrád sem starfa með viðkomandi stofnunum*“

Lagt var upp með að erindisbréfið væri unnið í samvinnu með fagráði og framkvæmdastjórum stofnana.

Með t.t. þessarar afgreiðslu var farið yfir þær samþykktir sem síðast voru í gildi fyrir BÁ, þ.e.a.s. samþykktir frá 14. júní 2011.

Samþykkt að formaður og slökkviliðsstjóri vinni að erindisbréfi fyrir BÁ byggðu á fyrri samþykktum. Drög að erindisbréfi leggur fagrád síðan fyrir framkvæmdastjórn Héraðsnefndar til endanlegrar samþykktar.

2. Afgreiðslur sveitarfélaga vegna kauptilboðs á húseigninni að Árvegi 1 Selfossi

Fyrir fundinum lágu erindi frá öllum aðildarsveitarfélögum BÁ þar sem sveitarstjórnir þeirra samþykkja kaup BÁ á húseigninni að Árvegi 1 Selfossi m.v. kaupsamning.

Samþykkt bæjarráðs Árborgar frá 116. fundi, 15. nóvember 2012.

Samþykkt bæjarráðs Hveragerðis frá 579. fundi 3. janúar 2013

Samþykkt sveitarstjórnar Skeiða-og Gnúpverjahrepps frá 40. fundi 8. janúar. 2013

Samþykkt sveitarstjórnar Flóahrepps frá 9. janúar 2013

Samþykkt sveitarstjórnar Bláskógabyggðar á 144. fundi 10. janúar 2013

(m. fyrirvara um kaup á slökkvistöðvum í Bláskógabyggð)

Samþykkt bæjarráðs Ölfus frá 241. fundi 10. janúar 2013

Samþykkt sveitarstjórnar Grímsnes-og Grafningsshr. frá 316. fundi 16. janúar 2013

Samþykkt hreppsnefndar Hrunamannahrepps frá 35. fundi 7. febrúar 2013

Samþykkt sveitarstjórnar Skeiða-og Gnúpverjahrepps frá 41. fundi 5. febrúar 2013

3. Kaupsamningur v. Árvegar 1 Selfossi

Fagráð ákveður að fresta afgreiðslu. Slökkviliðsstjóri ræðir við forustumenn Bláskógabyggðar vegna fyrirvara í fundargerð sveitarfélagsins frá 10. janúar s.l.

Fagráð samþykkir að fela slökkviliðsstjóra að kanna möguleika þess að sameina slökkvistöðina í Reykholti og slökkvistöðina að Flúðum í eina slökkvistöð. Könnuð verði hagkvæmi þess m.v. öryggi og rekstur.

Fagráð samþykkir að kanna stöðu hússins gagnvart lokaúttekt, slökkviliðsstjóri skoðar málið í samvinnu með eigendum.

Ekki fleira tekið fyrir, fundi slitið kl. 12.15